

3. Laun og launaþróun


3.1.1 Launavísitala Hagstofunnar

Launavísitala Hagstofu Íslands byggir á úrtaki launaupplýsinga frá launagreiðendum með fleiri en níu starfsmenn og endurspeglar almenna launaþróun. Upplýsingum er safnað frá öllum geirum atvinnulífsins, fyrirtækjum, ríki og sveitarfélögum, svo heildarmynd fái af launaþróun. Vísitalan mælir meðaltal breytinga á reglulegu tímakaupi (launahugtök eru skilgreind í viðauka). Vísitalan er sundurliðuð í almennan og opinberan vinnumarkað. Almennur markaður er sundurliðaður eftir starfsstéttum og atvinnugreinum en opinberi geirinn eftir stjórnsýslustigum, þ.e. ríki og sveitarfélögum.

Laun á vinnumarkaði hafa þróast með mjög mismunandi hætti undanfarin ár, eins og glögglega sést í sundurliðun launavísitölunnar. Má það meðal annars rekja til ólíkra tímasetninga kjarasamninga og launahækkana, sérstakra hækkana launataxta og breytileika hækkana milli kjarasamninga, ásamt mismunandi útfærslum á styttingu vinnutíma. Kjarasamningar fjölmennustu hópanna á opinbera vinnumarkaðnum voru gerðir töluvert síðar en á þeim almenna. Þannig hækkaði launavísitala á almennum vinnumarkaði um 5,6% á fyrsta ári samningalotunnar (mars 2019 til mars 2020) en um 3,3% á þeim opinbera. Vegna kjarasamningsbundinna launahækkana á almenna vinnumarkaðnum og nýrra kjarasamninga á þeim opinbera hækkuðu laun umtalsvert í apríl 2020, þó mun meira á þeim opinbera vegna afturvirkni samninga sem fólu í sér launahækkunir vegna 2019 og 2020 samtímis. Verulega dró því úr mun á launaþróun eftir mörkuðum. Þessi munur jafnaðist síðan út og eftir launahækkunir í janúar 2021 tók launavísitalan á opinbera markaðnum fram úr og hækkaði um 18,7% á samningstímanum frá mars 2019 samanborið við 14,0% á þeim almenna sem skýrist að hluta vegna styttingar vinnuvikunnar á opinberum markaði. Í febrúar 2022 hafði launavísitala á almennum markaði hækkað um samtals 22,5% frá mars 2019, en um 31,5% hjá sveitarfélögum og 25,2% hjá ríkinu, en febrúargildi launavísitölu eftir mörkuðum voru þau nýjustu við ritun skýrslunnar.

Kjarasamningsbundin stytting vinnuvikunnar hefur áhrif á launavísitölu Hagstofunnar. Áhrifin eru mismikil og má meðal annars rekja til þess að stytting vinnutíma í dagvinnu á opinbera markaðnum var víðast hvar 13 mínútur á dag en 9 mínútur á þeim almenna, t.d. hjá verslunar- og skrifstofufólki. Þá var sérstök stytting í vaktavinnu hjá hinu opinbera, en fjallað var um hana í haustskýrslu Kjaratölfræðinefndar 2021. Á samningstímabilinu var samið um styttingu vinnuviku í flestum kjarasamningum, en útfærslur voru mismunandi. Í kafla 3.2 er farið nánar yfir áhrif vinnutíma á mælingar um launahækkanir eftir samningsaðilum.

Mynd 3.1 **Þróun launavísitölu, mars 2019 – febrúar 2022**




Heimild: Hagstofa Íslands

3.1.2 Vísitala grunntímakaups

Breytingar grunnlauna án launaauka¹ endurspeglar best kjarasamningsbundnar launahækkanir. Grunnlaun eru greidd dagvinnulaun fyrir umsaminn vinnutíma án launaauka. Vísitala grunntímakaups byggir á grunnlaunum á hverja greidda stund, án launaauka, en launavísitala á reglulegum launum á greidda stund að meðtöldum launaaukum sem gerðir eru upp mánaðarlega.

¹ Hugtakið *Launaauki* er ný skilgreining Kjaratölfræðinefndar á ýmsum álagsgreiðslum og bónusum sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili, oftast mánaðarlega. Vaktaálag og afkastahvetjandi bónusar eru hluti þeirra fjölmörgu launaliða sem valda því að munur er á grunnlaunum og reglulegum launum. Umfangsmest í launaauka eru vaktaálagsgreiðslur. Í fyrri skýrslum, og í skilgreiningum Hagstofu, er munur grunn- og reglulegra launa skilgreindur sem álags- og bónusgreiðslur

Mynd 3.2 **Vísitala grunntímakaups mars 2019 – janúar 2022**




Heimild: Hagstofa Íslands

Vísitala grunntímakaups hefur þróast með áþekktum hætti og launa-vísitalan sem byggir á reglulegu tímakaupi. Sveiflur vísitölu grunntímakaups eru þó minni þar sem meiri sveiflur eru í launaaukum, s.s. vaktálagi, en í grunnlaunum.

3.1.3 Vægi markaða og heildarsamtaka

Eftirfarandi umfjöllun byggir á vægi summu grunnlauna eftir mörkuðum og heildarsamtökum árið 2021. Vægi félagsmanna aðildarfélaganna Alþýðusambands Íslands er langmest í vísitölu grunntímakaups, eða tæpur helmingur, en félagsmenn aðildarfélaganna BSRB, BHM og KÍ vege samtals rúman fjórðung. Þá vege félagsmenn stéttarfélaganna utan heildarsamtaka fimmtung og feinstaklingar utan stéttarfélaganna 7%.

Mynd 3.3 **Vægi heildarsamtaka í vísitölu grunntímakaups eftir mörkuðum**



Heimild: Hagstofa Íslands


Á almennum vinnumarkaði er vægi félagsmanna aðildarféлага ASÍ 65% og vægi félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka 21%. Samsetningin er allt önnur meðal starfsfólks hjá ríki og sveitarfélögum. Vægi félagsmanna aðildarféлага BHM er um þriðjungur í vísitölunni fyrir ríkið og í vísitölunni fyrir sveitarfélög utan Reykjavíkur er vægi félagsmanna aðildarféлага KÍ 40%. Í vísitölunni fyrir Reykjavíkurborg vegur BSRB mest, 38%. Vega má markaði eftir heildarlaunsummu ára. Árið 2021 vó almennur markaður mest af launasmunni eða 71%, ríkið 15%, Reykjavík 5% og önnur sveitarfélög 9%. Í þessu samhengi má nefna að yfir 200 þúsund manns eru starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Frekari upplýsingar um heildarsamtök er að finna í myndagalleríum í kafla 4, m.a. um samsetningu og fjölda innan heildarsamtaka.

3.1.4 Kaupmáttur launa

Vísitala neysliverðs hækkaði um 11,3% frá mars 2019 til janúar 2022 og jókst kaupmáttur grunntímakaups eftir mörkuðum um 10,0-18,5% á tímabilinu. Geta má þess að kaupmáttur mánaðarlauna jókst minna þar sem hluti hækkunar grunntímakaups stafar af styttingu vinnuviku en áhrifin eru frá 1,3% til 4,1% eftir mörkuðum eins og sést á mynd 3.5.

Frá mars 2019 til janúar 2022 voru áhrif styttingar vinnuviku á grunntímakaup metin 1,3 prósentustig á almennum vinnumarkaði, 3,1 hjá ríkinu, 3,3 hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur og 4,1 prósentustig hjá Reykjavíkurborg.


Mynd 3.4 **Hækkun grunntímakaups, reglulegs tímakaups og vísitölu neysliverðs (VNV), mars 2019 – janúar 2022**



3.2 Hækkun grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga

Hér er fjallað um hækkun grunntímakaups í samningalotunni frá mars 2019 til janúar 2022. Tímaraðir með breytingum á grunntímakaupi (án launaauka) og reglulegu tímakaupi (með launaaukum) á tímabilinu 2006 til 2022 eru í viðauka og má sækja á vef Kjaratölfræðinefndar.

Mynd 3.5 **Hækkun grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga frá mars 2019 til janúar 2022 eftir mörkuðum**




Heimild: Hagstofa Íslands


Við samanburð á launapróun eftir mörkuðum kemur í ljós að grunntímakaup hækkaði mest hjá Reykjavíkurborg á tímabilinu, um 29,7%, og minnst á almenna markaðnum, um 21,0%. Áhrif styttingar vinnutíma á hækkun grunntímakaups var einnig mest hjá Reykjavíkurborg, 4,1 prósentustig, og minnst á almenna markaðnum, 1,3 prósentustig. Hækkun grunntímakaups á öllum vinnumarkaðnum var 22,6% og þar af voru áhrif styttingar vinnuviku 1,8 prósentustig. Áhrif vinnutímastyttingar á grunntímakaup var mun meiri hjá hinu opinbera en á almennum markaði. Hátt í helmingur félagsmanna BSRB og ASÍ hjá ríkinu eru í vaktavinnu en áhrif vinnutímastyttingar eru meiri hjá vaktavinnufólki á vísitölu grunntímakaups en hjá starfsfólki í dagvinnu. Stytting vinnutíma vaktavinnufólks hjá hinu opinbera skýrir því hluta þess munar sem er á milli opinbera og almenna markaðarins á áhrifum styttingar vinnutíma.

Mynd 3.6 Breyting grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga frá mars 2019 til janúar 2022 eftir mörkuðum og heildarsamtökum


Almennur markaður




Ríki



Reykjavíkurborg



Sveitarfélög utan Rvk.



Heimild: Hagstofa Íslands

Á almenna markaðnum hækkaði grunntímakaup að meðaltali um 20,5-30,0% á tímabilinu, mest hjá félagsmönnum Starfsgreinasambandsins og BSRB en minnst hjá félagsmönnum BHM og innan iðnfélaga í ASÍ.

Grunntímakaup félagsmanna ASÍ hækkaði mun meira að meðaltali hjá ríkinu (32,7%) en á almenna markaðnum (24,0%). Félagsmenn aðildarféлага ASÍ á almennum vinnumarkaði eru stærsti hópur launafólks á vinnumarkaðnum, en félagsmenn stéttarféлага innan ASÍ hjá ríki eru fámennari og einsleitari hópur sem yfirleitt sinnir störfum verkafólks. Hjá Reykjavíkurborg hækkaði grunntímakaup

félagsmanna ASÍ mest, 41,4%, og er það mesta hækkun einstaks hóps á tímabilinu sem hér er fjallað um. Hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur hækkaði grunntímakaup á tímabilinu mest hjá félagsmönnum ASÍ (38,2%) og BSRB (36,7%). Grunntímakaup félagsmanna KÍ hækkaði minnst hjá Reykjavíkurborg, 17,6%, og öðrum sveitarfélögum, 18,9%, en umsamdar launahækkunar KÍ við sveitarfélögin á árinu 2022 höfðu þá ekki komið til framkvæmda.

Áhrif vinnutímastyttingar á hækkun grunntímakaups á tímabilinu var mest hjá félagsmönnum ASÍ hjá ríkinu og næst mest hjá félagsmönnum BSRB hjá ríkinu. Í báðum tilvikum voru áhrif vinnutímabreytinga tæplega fjórðungur af breytingu grunnlauna. Minnst áhrif vinnutímastyttingar voru hjá félagsmönnum KÍ hjá ríkinu þar sem ekki hafði verið samið um styttingu vinnutíma framhaldsskólakennara. Næst minnst voru áhrif styttingar hjá félagsmönnum Starfsgreinasambandsins á almenna markaðnum, en ekki var samið um almenna styttingu vinnutíma í kjarasamningum SGS og SA heldur opnað á útfærslur innan vinnustaða sem tengdar voru niðurfellingu fastákveðinna kaffitíma. Í framkvæmd fór fram takmörkuð stytting vinnutíma verkafólks innan SGS á almennum vinnumarkaði á samningstímabilinu.

Samanburður á launabreytingum í mynd 3.6 og launastigi í mynd 3.9 sýnir að lægri laun hækkuðu hlutfallslega meira en þau hærri. Þannig hækkaði grunntímakaup að meðaltali mest meðal félagsmanna aðildarféлага ASÍ og BSRB hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum utan Reykjavíkur, en í þeim hópum er verkafólk fjölmennast.


Samanburður milli félagsmanna heildarsamtaka sýnir að launahækkun var hlutfallslega minnst á almenna markaðnum innan þeirra allra og mest hjá Reykjavíkurborg, þar sem samið var um sérstaka viðbótarhækkun lægstu launa í formi sérgreiðslu, og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur.

KÍ og sveitarfélögin gerðu kjarasamninga fyrir leik-, grunn- og tónlistarskólakennara eftir lok tímabilsins sem hér er skoðað. Í þeim eru ákvæði um afturvirkar launahækkunar með gildistöku í janúar 2022, en þær koma ekki fram í tölum Hagstofunnar sem niðurstöður þessarar skýrslu byggja á. Að auki eru kjarasamningar stjórnenda í leik- og grunnskólum lausir við ritun skýrslunnar.

3.3 Laun eftir mörkuðum og heildarsamtökum

Hér er fjallað um regluleg laun og heildarlaun fullvinnandi launafólks árið 2021.


Mynd 3.7 *Dreifing reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi á mánuði árið 2021 eftir mörkuðum*



Heimild: Hagstofa Íslands

Dreifing launa er meiri hjá ríkinu en á almenna markaðnum. Laun eru almennt hæst hjá ríkinu sem skýrist m.a. af tiltölulega háum launum ríkisstarfsmanna utan stéttarféлага og utan heildarsamtaka. Nánar er fjallað um þá hópa síðar í kaflanum. Meðaltal reglulegra launa var hæst hjá ríkinu og næsthæst á almenna markaðnum. Þau voru lægst hjá sveitarfélögum og munar þar litlu á Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum.

Mynd 3.8 **Samsetning reglulegra launa fullvinnandi á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum**




Heimild: Hagstofa Íslands

Regluleg laun félagsmanna ASÍ, BSRB og BHM eru að meðaltali hærri á almenna markaðnum en hjá ríki og sveitarfélögum.

Samanburður á meðallaunum eftir heildarsamtökum sýnir að regluleg laun félagsmanna BHM eru hæst á öllum mörkuðum og þar af hæst á almenna markaðnum, 936 þús.kr. á mánuði. Litlu munar á reglulegum launum og grunnlaunum sem bendir til þess að fastlaunasamningar, þar sem yfirvinna er ekki greidd sérstaklega, séu algengir. Lægstu reglulegu launin voru hjá félagsmönnum ASÍ hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, um 473 þús.kr. að meðaltali á mánuði.

Mynd 3.9 **Meðallaun fullvinnandi launafólks eftir mörkuðum og heildarsamtökum**



Heimild: Hagstofa Íslands

Launaaukar vega mismikið í reglulegum launum og skýrist munurinn einkum af ólíku umfangi vaktaálagsgreiðslna, sem teljast til launaauka. Sem dæmi þá nema launaaukar að meðaltali 23% af reglulegum launum félagsmanna BSRB á almenna markaðnum þar sem vakta-vinna er algeng en launaaukar eru fátíðir hjá félagsmönnum KÍ.

Á mynd 3.9 eru meðallaun félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og starfsfólks utan stéttarféлага á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Af félagsmönnum stéttarféлага utan heildarsamtaka á almennum vinnumarkaði vega Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Stéttarfélag verkfræðinga, Lyfjafræðingafélag Íslands, Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélag Íslands mest í launagögnum Hagstofunnar, yfir 80%. Langstærstur hluti þessa hóps er í störfum sérfræðinga, tækna og stjórnenda.

Fjölmennustu stéttarfélögin hjá hinu opinbera, sem standa utan heildarsamtaka og vega þungt í launagögnum Hagstofunnar, eru Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.

Meðal hópa opinberra starfsmanna, sem standa utan stéttarféлага, eru embættismenn sem ekki hafa samningsrétt, svo sem dómarar, prestar, kjörnir fulltrúar og æðstu stjórnendur ríkis og sveitarféлага sem og stundakennarar í háskólum. Á almennum vinnumarkaði eru það einkum stjórnendur og sérfræðingar sem standa utan stéttarféлага.


Regluleg meðallaun starfsfólks utan stéttarféлага og í stéttarfélögum utan heildarsamtaka eru mun hærrí en meðallaun félagsmanna innan heildarsamtaka. Athygli vekur mikið vægi launaauka hjá þessum hópum á opinbera markaðnum en meðal þeirra eru stórar stéttir heilbrigðisstarfsmanna, s.s. læknar og hjúkrunarfræðingar. Flest fullvinnandi starfsfólk utan stéttarféлага og utan heildarsamtaka er stjórnendur og sérfræðingar.

3.4 Samsetning launa

Samsetning launa, þar sem litið er til yfirvinnu og óreglulegra greiðslna, er mjög ólík eftir heildarsamtökum og mörkuðum. Hér er miðað við heildarárslaun fullvinnandi launafólks árið 2021.

Í samanburði milli markaða voru heildarlaun fullvinnandi árið 2021 að meðaltali hæst hjá ríkinu, 903 þús.kr. á mánuði. Lægst voru þau hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, 681 þús. kr. á mánuði. Launaaukar vega mest hjá Reykjavíkurborg, 8,7%, og þar á eftir á almenna markaðnum 7,5%. Yfirvinnugreiðslur vega hlutfallslega mest í heildarlaunum hjá ríkinu, 12,6%, og minnst hjá sveitarfélögum, 4,4%. Hlutdeild launaauka sem ekki eru gerðir upp mánaðarlega í heildarlaunum var hæst 7,5% á almennum markaði.

Mynd 3.10 **Samsetning heildarlauna fullvinnandi á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum**




Heimild: Hagstofa Íslands


Árið 2021 voru heildarlaun fullvinnandi að meðaltali hæst hjá félagsmönnum BHM á almenna markaðnum, um ein m.kr. á mánuði. Launaaukar og yfirvinnugreiðslur voru óverulegir sem kann að skýrast af fastlaunasamningum þar sem ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Að meðaltali voru heildarlaun lægst hjá félagsmönnum ASÍ sem störfuðu hjá sveitarfélögum og Reykjavík, eða um 540 þús. kr. á mánuði. Þar vógu yfirvinnugreiðslur og launaaukar rúman fimmtung í heildarlaunum.

Mynd 3.11 Samsetning heildarlauna fullvinnandi á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum og heildarsamtökum


Almennur markaður




Opinber markaður




Ríki



Reykjavíkurborg



Sveitarfélög utan Rvk.



Heimild: Hagstofa Íslands

Yfirvinnugreiðslur veða hlutfallslega mest í heildarlaunum félagsmanna KÍ hjá ríkinu, sem eru flestir framhaldsskólakennarar, 19,3%. Yfirvinnugreiðslur veða minnst hjá félagsmönnum BHM hjá Reykjavíkurborg, 1%. Launaaukar sem ekki eru gerðir upp mánaðarlega vógu mest í heildarlaunum hjá félagsmönnum iðnfélaga í ASÍ, 10,2%.

Heildarlaun félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og starfsfólks sem stendur utan stéttarféлага eru að jafnaði hærri en hjá félagsmönnum heildarsamtaka. Heildarlaun félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka á almennum markaði eru að meðaltali 7,6% hærri en heildarlaun félagsmanna BHM á almennum markaði, sem er launahæsti hópurinn innan heildarsamtaka.